

Ed. 440. Frumvarp til laga [224. mál]

um afnám laga nr. 28 12. maí 1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálf-skuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Lög nr. 28 12. maí 1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldar-ábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Aðstæður eru gerbreyttar frá því að lög in um heimild ríkissjóðs til ríkisábyrgðar voru sett. Tilgangur þeirra þá var að örva togarakaup.

Í þeim einstöku tilvikum, sem nú þætti koma til greina að veita ríkisábyrgð vegna togarakaupa, er eðlilegt að það komi til afgreiðslu Alþingis.

Þess vegna þykir nú rétt að nema þessar heimildir úr gildi.